

KJARASAMNINGUR

milli

kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands

og

Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands og Orkuveitu Reykjavíkur, sameignarfyrirtækis.

2. gr.

Inngangur - megininntak

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvæntingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samningurinn kveður einnig á um framleiðniauka til alls launafólks, sem byggir á mældri framleiðni.

3. gr.

Launabreytingar

Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024:	3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026:	3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027:	3,50% eða 23.750 kr.

Kjaratengdir liðir kjarasamninga

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið:

1. febrúar 2024:	3,25%
1. janúar 2025:	3,50%
1. janúar 2026:	3,50%
1. janúar 2027:	3,50%

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2024 123.600 kr.

Á árinu 2025 127.900 kr.

Á árinu 2026 132.400 kr.

Á árinu 2027 137.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verði orlofsuppbót kr. 66.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verði orlofsuppbót kr. 76.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verði orlofsuppbót kr. 86.000.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verði orlofsuppbót kr. 96.000.

5. gr.

Breytingar á ýmsum ákvæðum kjarasamnings:

Eftirfarandi breytingar frá og með 1. maí 2024:

Fyrsta setning gr. 4.1. orðist svo: Lágmarksorlof starfsmanna skal vera 25 virkir dagar, miðað við fullt ársstarf.

Grein 4.2.1. orðist svo: Starfsmaður skal á fyrsta starfsári fá 10,64% orlofsfé af yfirvinnu og álagsgreiðslum. Eftir eins árs starf hjá OR hækkar orlofsfé þetta í 11,59%. Eftir þriggja ára starf hjá OR hækkar orlofsfé þetta í 13,04%.

6. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um framleiðniauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá mars 2024 verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Gildistími

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 15:00 17. september 2024.

Reykjavík 6. september 2024

Undirritunarsíða

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur
Guðmundur Heiðar Guðmundsson

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur
Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur
Ása Björk Jónsdóttir

F.h. kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands
Dagrún Hjartardóttir

F.h. kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

F.h. kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands
Hendrik Tómasson

F.h. kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands
Hildur Æsa Oddsdóttir

F.h. kjaradeildar Verkfræðingafélags Íslands
Þorsteinn Hálfánarson